UMHVERFIS
STOFNUN

Matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Reykjavík 14. desember 2018
UST201812-016/F.T.
08.12.02

**Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 7. desember sl. þar sem áformað var að áminna rekstraraðila vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 27. september 2018. Þann 13. desember barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

**Frávikin eru eftirfarandi:**

1. **Gr. 2.6 og gr. 3.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.** Ekki er til staðar búnaður vegna hreinsunar frárennslis. Engin starfsemi er í stöðinni. Rekstraraðila ber að gera fullnægjandi úrbætur á frárennslinu áður en rekstur hefst í stöðinni að nýju og tilkynna stofnuninni um upphaf reksturs með góðum fyrirvara. *Ekki verður farið í eftirfylgni vegna þessa fráviks að sinni, Umhverfisstofnun minnir á að rekstraraðili skuli senda stofnuninni tilkynningu þegar rekstur hefst.* **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að Matorka muni tilkynna stofnuninni fyrir 1. apríl nk. hvort rekstur hefjist.**
2. **Gr. 2.3 og gr. 2.8 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi**. Ekki var gengið frá stöðinni á viðunandi hátt við rekstrarstöðvun. *Stífla var við afrennsli í einstaka kerjum þar sem ekki var nægilega vel gengið frá við rekstrarstöðvun.* **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kom fram að stífla hafi verið losuð og að reglulega sé haft eftirlit með að slíkt gerist ekki aftur. Umhverfisstofnun fellst á þessar úrbætur og mun fylgja þeim eftir í næsta eftirliti.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 39.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Suðurlands